



Menningar- og íþróttaráð
Borgartún 12 - 14
105

Reykjavík, 6. mars 2025

MSS25020123

HH

Tilkynning um afgreiðslu í borgarstjórn 4. mars 2025 - Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lengingu opnunartíma sundlauga

Á fundi borgarstjórnar þann 4. mars 2025 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lengingu opnunartíma sundlauga úr fyrstu aðgerðaráætlun flokkanna á grundvelli samstarfsyfirlýsingar lögð fram:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela menningar- og íþróttaráði að útfæra tillögur um lengdan sumaropnunartíma í sundlaugum borgarinnar um helgar. Tilgangurinn er að efla félagsauð hverfa og forvarnarstarf í þágu ungmenna í borginni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og Viðreisnar sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fyrsta aðgerðaáætlun nýs samstarfs er lögð fram á grundvelli samstarfsyfirlýsingar. Nýjar leiðir verða farnar í húsnæðisuppbýggingu í auknu samstarfi við verkalyðshreyfinguna; fundin betri staðsetning fyrir hjólabúa, hafið tilraunaverkefni um kjarnasamfélög og unnið markvisst gegn lóðabraski. Farið verður í heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar, unnið að nýrri hjólreiðaáætlun, ljósastýringar verða bættar, bílastæðareglur rýmkaðar og íbúakortin endurskoðuð og gerð sveigjanlegri. Þá verða starfsaðstæður í leik- og grunnskólum bættar í samvinnu við starfsfólkið, skólabókasöfnin efla og styrkt og sérfræðingum í skólakerfinu líkt og talmeina- og sálfræðingum fjölgað. Einnig verður áhersla lögð á að fjölga enn frekar leikskólarýmum. Samstarfsflokkarnir leggja ríka áherslu á að vinna gegn ofbeldi og sér í lagi meðal ungmenna. Aðstaða dýra í Húsdýragarðinum verður bætt með áherslu á dýravelferð og sumaropnunartími sundlauga borgarinnar verður lengdur um helgar. Þung áhersla verður lögð á ráðdeild og skilvirkni í rekstri með skýrara vinnulagi um utanumhald á viðhaldi og rekstri eigna borgarinnar, aukinni skilvirkni í upplýsingamálum, endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna, bættu yfirliti um innkaup og innkaupaheimildir og hugmyndaleit um sparnaðartillögur. Samhliða því verður skerpt á keðjuábyrgð og reglulegt samtal við verkalyðshreyfinguna verður formgert.



Reykjavík



Síðast en ekki síst verður skerpt á verkefnavali í stafrænni þjónustu og samstarf við ríkið og önnur sveitarfélög um stafrænar lausnir verður aukið.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja aðgerðaáætlun nýs meirihluta sýna metnaðarleysi í mikilvægum verkefnum í rekstri borgarinnar og þjónustu við borgarbúa. Samstarfsyfirlýsing meirihlutans er lítið annað en ófjármagnað og ókostnaðarmetið orðagjálfur án mælanlegra markmiða. Þá vekur athygli að hvergi er getið aðgerða í þágu atvinnulífisuppbýggingar, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks undirstrika mikilvægi verðmætasköpunar svo standa megi undir velferð og þjónustu borgarinnar. Ljóst er að skýrt ákall er meðal borgarbúa eftir kröftugum aðgerðum í þágu húsnæðisuppbýggingar, samgöngu- og leikskólamála í Reykjavík. Jafnframt er nauðsynlegt að ráðast að rekstri borgarinnar með skipulagsbreytingum, hagræðingu, eignasölu og skipulegri niðurgreiðslu skulda. Þakka ber fyrir að vinstrimeirihlutinn í borginni hefur takmarkaðan tíma til starfa en ljóst er að næsta meirihluta bíður mikið verk svo fá megi Reykjavík til að virka.

Einar Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

1: Hið norræna velferðarsamfélag sem við þekkjum byggir á þríhliða samstarfi, ríkis, verkalyðsfélaga og atvinnurekanda. Mikilvæg forsenda þess er að traust ríki milli aðila sem ekki hefur alltaf verið raunin á Íslandi. Fulltrúar Framsóknar leggja áherslu á og hvetja til að ef á að formgera samstarf séu fulltrúar atvinnulífsins hafðir með í því samráði. Einnig fulltrúar lífeyrissjóða landsins. 2: Öllum er heimilt að óska eftir því að kaupa lóð af Reykjavík með það fyrir augum að koma þar upp hjólhýsabyggð. Það er hinsvegar ekki verkefni Reykjavíkurborgar að niðurgreiða búsetu einstaklinga í hjólhýsi eða koma upp sérstakri hjólhýsabyggð. Ekki er þá fyrirséð að fólk geti fært lögheimili sitt í hjólhýsi. 3: Kjarnasamfélög auka fjölbreytt val fólks til búsetu og geta verið skemmtileg viðbót við íbúðaflóru borgarinnar. Ekki er þó þörf á sérstöku tilraunaverkefni um kjarnasamfélag enda er heimilt að koma slíku á fót í dag sé óskað eftir úthlutun lóða til þess. 5: Oft hefur verið reynt að ganga í það að endurskipuleggja Mjóddina en það hefur aldrei gengið upp því ekki hefur verið haft samráð við verslunareigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Það er því mikilvægt að bjóða öllum hlutaðeigandi að borðinu við slíka endurskipulagningu, því annars er hætt við að þessi tilraun verði ekki mikið annað en nákvæmlega það; tilraun. Fulltrúar Framsóknar fagna því að breytingatillaga okkar hafi verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

7: Fulltrúar Framsóknar lögðu fram breytingatillögu þess efnis að gjaldskyldusvæði væri endurskoðað án þess að fjölga gjaldskyldum svæðum. Einnig lögðum við til að öll fækkun bílastæða verði stöðvuð þar til að Borgarlína hefur hafið akstur. Meirihlutinn var ekki tilbúinn til að samþykkja þá tillögu. 8: Framsókn styður tillögu um endurskoðun á reglum um íbúakort. Íbúar á gjaldskyldum svæðum hafa lengi horft til endurskoðunar á fjölda korta per íbúð en einnig leitað eftir lausnum, s.s. gestakorti fyrir þá sem koma í heimsóknir. Framsókn styður þau sjónarmið heilshugar og minnir á að



yfirgnæfandi meirihluti íbúa notar bílinn sem sinn aðal samgöngumáta. 9: Vinna við bættar ljósastýringar hefur verið í gangi hjá umhverfis- og skipulagsráði. Því er réttara að borgarstjórn samþykki að fela sviðinu að setja það í forgang að gera tillögur að endurbótum á ljósastýringum. Það vekur undrun að meirihlutinn greiði atkvæði gegn breytingatillögu okkar um að setja bættar ljósastýringar í forgang. 10: Mikilvægt er að tryggja starfsaðstæður en það vekur áhyggjur hvað þetta er óljóst. Það kemur ekki fram hvernig þetta verður útfært, t.d. hvort þetta verði gert í starfshóp. 11: Þessi hópur er þegar til og því óþarfi að setja hann á fót. Hópurinn var leiddur af fyrrverandi borgarstjóra frá því í október. Hópurinn hefur fundað að jafnaði 1-2 í mánuði og hefur þegar skilað fjármögnum og tímasettum tillögum um útboð á einingahúsum fyrir leikskóladeildir í þeim hverfum þar sem biðlisti eftir plássum er lengstur, auk forgangsörðun áforma um viðhaldsframkvæmdir á leikskólum sem hafa verið lokaðir vegna myglu.

Þorvaldur Daníelsson, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

13: Fögnum áhuga á eflingu skólabókasafna. Nú þegar er í grunnskólalíkaninu Snorra fjármagn til skólabókakaupa en svo virðist sem það sé nýtt í önnur verkefni. Mikilvægt er að skólastjórnendur hlúi að bókakosti og tryggi að það fjármagn sem líkanið gerir ráð fyrir til bókakaupa rati þangað. 14: Í ljósi fjárhagsstöðu borgarinnar er furðulegt að ný selalaug í Húsdýragarðinum sé forgangsverkefni nýs meirihluta. Einnig vakna upp spurningar um hvers vegna selir eru til sýnis í Húsdýragarðinum enda verða þeir seint taldir húsdýr. 16: Á borgarstjórnarfundum í janúar var aðgerðaráætlun gegn ofbeldi 2025-2028 sem unnið hefur verið að undanfarin misseri samþykkt í borgarstjórn. Það vekur því furðu að þessi tillaga sé lögð fram. Eðlilegra væri að nýta tíma og fjármagn borgarinnar til þess að ráðast í þær aðgerðir sem þar er kveðið á um. Þar sem aðgerðaáætlunin er svo nýlega samþykkt ættu samstarfsflokkarnir fimm að þekkja vel til hennar og geta nýtt hana sem vinnuþagg í stað þess að leggja ómælda vinnu á starfsfólk borgarinnar upp á nýtt. Það getur varla talist góð nýting á fjármunum og vinnutíma fólksins. 22: Hið norræna velferðarsamfélag sem við þekkjum byggir á þríhliða samstarfi, ríkis, verkalýðsfélaga og atvinnurekanda. Mikilvæg forsenda þess er að traust ríki milli aðila sem ekki hefur alltaf verið raunin á Íslandi. Fulltrúar Framsóknar leggja áherslu á og hvetja til að ef formgera á samstarf í forsætisnefnd, sem fjallar um atvinnumál, séu fulltrúar atvinnulífsins hafðir með í því samtali. Fulltrúar meirihlutans voru ekki tilbúnir til að formgera reglulegt samtal við bæði atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna eins og Framsókn lagði til.

Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar, lagði fram svohljóðandi bókun:

19: Við fögnum því að innkaupastefna og innkaupareglur Reykjavíkurborgar verði endurskoðaðar en leggjum áherslu á að það verði gert með það fyrir augum að hagræða í innkaupum borgarinnar. Við verðum að tryggja að innkaup borgarinnar séu alltaf sem hagstæðust fyrir borgarbúa og farið sé vel með almannafé. Það vekur undrun að meirihlutinn sé á móti því að bæta við áherslu um hagræði við innkaup í tillögum. 6: Gert er ráð fyrir því að markmiði hjólreiðaáætlunarinnar 2021-2025 um lagningu á 50 km af hjólastígum muni nást og Framsókn fagnar þeim árangri. Ljóst þykir að



áframhald á stækkun á innviðum fyrir hjólreiðafólk er nauðsynlegt skref til að auka hlut umhverfisvænni samgöngumáta í borginni en ekki síður til að stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa. 12: Farsældarlögin og verkefnið betri borg fyrir börn byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Grundvöllur þess er að við höfum ávallt að skipa færustu sérfræðinga sem þörf er á. Að þessu hefur verið unnið og mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram. 23: Tökum undir mikilvægi þess að fá hugmyndir um sparnaðartillögur frá starfsfólki en það er hægt að gera það með ódýrari hætti en ráðast í rökræðukönnun og hakkapon. 25: Á þessu kjörtímabili hefur samstarf á milli borgarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis tekið stakkaskiptum. Rétt fyrir jól var undirritað samkomulag um starfrænu lausnina Veitu. Mikilvægt er að huga að net- og gagnaöryggi í borgarkerfinu.

Borgarfulltrúi Viðreisnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Viðreisnar óska nýjum meirihluta til hamingju með samstarfssáttmálann. Er þar marga góða kosti að finna en þykir fulltrúum Viðreisnar rétt að komi fram eftirfarandi athugasemdir. Við þekkjum að þegar félagslegt húsnæði er ekki blandað öðru húsnæði getur það aukið verulega á félagslega einangrun þeirra sem hafa þörf fyrir slíkar íbúðir. Aðstaða fyrir hjólabúa vekur óhug er þetta verkefni sem ætti í raun heldur heima hjá svæðisskipulagsnefnd enda er það ekki verkefni sem er bundið við Reykjavík. Þarf að horfa til þeirrar ábyrgðar sem slíkum verkefnum fylgir, hvort sem er rekstarleg, velferðaleg eða félagsleg. Viðreisn styður hugmyndir um fjölbreytt framboð á húsnæðismarkaði en teljum að þar sé skýrt verkefni Reykjavíkur og skýrt hvernig slík heimili falla að þeim lögum sem við störfum samkvæmt í dag en margt í okkar þjónustukerfum er bundið við heimilisfang, svo sem skólar, heilbrigðisþjónusta og fleira. Fögnum við þeim áherslum sem snúa að bættum rekstri, lóðabraski, keðjuábygð og leit að hugmyndum að sparnaðartillögum og bíðum spennt eftir að sjá hvernig þessar hugmyndir þróast.

Helga Björk Laxdal
e.u.